



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

gunnlaugur@hornafjordur.is  
Aðalskipulagsbreyting - Skaftafell III og IV  
Sent: 02-07-2019 11:50:21 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019050040, Bréfalyklar: 42-0  
almennt

Tilvísun í mál: 2019050040

Vísað er til bréfs frá sveitarfélaginu Hornafjörður, dags. 14. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 þar sem fyrirhugað er að setja inn skipulagsreit um 15 ha, verslun og þjónusta, þar sem fyrirhuguð er uppbygging vegna ferðaþjónustu. Markmið breytinganna er að heimila uppbygging gistingar og íbúða/starfsmannaíbúða og þjónustuhúsa allt að 5.200 m<sup>2</sup>.

### Umsögn

Af gögnum málsins er ljóst að verði fyrirhuguð breyting að veruleika mun skipulagið hafa bein og óbein áhrif á Vatnajökulsþjóðgarð. Gera má ráð fyrir áhrifum á ásýnd og landslag þjóðgarðsins auk þeirra áhrifa sem verða vegna uppbyggingarinnar sjálfrar. Staðsetning skipulagsreitsins er með þeim hætti að hann mun hafa áhrif á aðkomu að þjóðgarðinum og einnig virðist gert ráð fyrir að starfsmenn sem vinna inna sem utan þjóðgarðsins (starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs og einkarekinna fyrirtækja) geti nýtt aðstöðu sem þar verður. Ennfremur má benda á að uppbygging á svæðinu brýtur upp það byggðamynstur sem er algengast í Örfæfum það er að byggðin er að öllu jöfnu á láglandi tiltölulega nálægt fjallshlíðum en ekki út á sandinum þar sem mun meira mun bera á byggingum.

Af gögnum málsins er ekki að sjá að samvinna um staðsetningu eða nýtingu á fyrirhuguðu skipulagssvæði hafi farið fram milli Vatnajökulsþjóðgarðs og þeirra aðila sem óska eftir skipulagsbreytingunni. Einnig virðist ýmislegt óljóst um veltengingar og heildarsýn á uppbyggingu á svæðinu til framtíðar. Í greinargerð með skipulaginu er tillagan m.a. studd með þeim rökum að þörf sé á frekari uppbyggingu vegna fjölda ferðamanna. Vissulega hefur ferðamönnum fjölgað mikið frá því sem áður var, þó eitthvað hafi dregið úr fjölguninni á allra síðustu mánuðum, þá eru þau rök ein ekki nægjanleg til að festa í sessi skipulagsbreytingu sem ekki virðist bera með sér að hún sé unnin í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð. Skipulag þjóðgarðsins og nálægrar starfsemi verður að mati Náttúrufræðistofnunar að vinna saman með þeim hætti að verndargildi þjóðgarðsins raskist ekki.

### Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur að tillaga að framangreindri breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar sé ekki nægjanlega vel unnin, þ.e. það vantar samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð um uppbyggingu og starfsemi sem snýr að þjóðgarðinum og vernd landslags honum tengt. Einnig virðist óljóst um veltengingar og aðkomu að þjóðgarðinum til framtíðar og hvernig það fer saman við fyrirhugaða breytingu og stefnu þjóðgarðsins. Jafnframt virðist fyrirhuguð breyting brjóta upp ríkjandi byggðamynstur (menningarlandslag/búsetulandslag) á svæðinu. Náttúrufræðistofnun telur að tillagan eins og hún er sett fram geti rýrt verndargildi þjóðgarðsins, sérstaklega landslag. Í ljósi þeirra annmarka sem Náttúrufræðistofnun telur vera á skipulaginu getur stofnunin ekki mælt með því að skipulagsbreytingin verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)

